

## Bókun 5

Bókunin á eingöngu við Náttúrufræðingur 5 (N5) (sviðsstjóri): Gerð er krafa um meistargráðu (120 ECTS) eða sambærilegri í starfi N5.

Samkvæmt kjarasamningi FÍN og fjármálaráðuneytisins (kjarasamningi aðila) þá er skilyrði um að meta menntun sem starfsmaður aflar sér eftir fyrstu háskólagráðu/BA/BS og nýtist í starfi. Menntunin skal metin annað hvort sem menntun sem krafa er um í starfi eða sem menntun sem nýtist í starfi.

Innifalið í grunnröðun N5 er álag vegna menntunar, meistargráðu (120 ECTS) eða sambærilegri, sem krafa er gerð í starfi, sem nemur 4 launaflokkum.

Hafi N5 menntun umfram menntunarkröfur starfs og hún nýtist í starfi þá skal meta þá umframmenntun undir liðnum menntun sem nýtist í starfi sbr. grein 5.1 í stofnanasamningi FÍN og Landgræðslunnar (11.3.3.2 í kjarasamningi aðila). Geri Landgræðslan ríkari kröfur til menntunar í starfi en hér greinir, skal slík menntun metin í samræmi við lið 4.3 menntun sem krafa er um í starfi í stofnanasamningi FÍN og Landgræðslunnar, sbr. ákvæði 11.3.3.1 í kjarasamningi aðila.

Fái starfsfólk sérstaka hækkun launa vegna doktorsprófs umfram það sem kveðið er á um í þessum stofnanasamningi FÍN og Landgræðslunnar skulu laun N5 breytast með sambærilegum hætti. Miða skal við að munur á grunnröðun milli N5 og N1,N2,N3, N4 minnki ekki vegna slíkra breytinga (menntunarákvæði) sem rætur eiga að rekja til miðlægs kjarasamnings aðila.

Gildistími bókunarinnar er frá 1. janúar 2022.

Samþykkt með rafrænni undirritun aðila.

# Undirritunarsíða

Árni Bragason

Elín Friða Sigurðardóttir

Arna Björk Þorsteinsdóttir

Bryndís Marteinsdóttir

Jóhann Þórsson

Maríanna Huguína Helgadóttir